# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.**

*Breytt deiliskipulag Hagalands reitur C, D og E.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 25. maí 2009 tillögu að breyttu deiliskipulagi í Hagalandi reit C, D og E í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 21. október 2008 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 12. mars til og með 14. apríl 2009 með athugasemdafresti til og með 29. apríl 2009.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 18. júní 2009.*

**Bárður Guðmundsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---